



Bjarkarhlíð

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

Ársskýrsla 2019

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2019
Ábyrgðaraðili: Ragna Björg Guðbrandsdóttir teymisstjóri í Bjarkarhlíð
Útgáfustaður: Reykjavík, febrúar 2020
Prentað af: Háskólaprent. Umhverfisvottuð prents miðja.
Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg www.bjarkarhlid.is
© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

Efnisyfirlit

Sagan	3
Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök	3
Hugmyndafræði	4
Hlutverk	4
Markmið	4
Samstarfsaðilar	4
Ferlið í Bjarkarhlíð	6
Birtingarmyndir ofbeldis	7
Fræðsla	8
Heimsóknir í Bjarkarhlíð	8
Samstarfsverkefni	9
Umbótaverkefni	10
Alþjóðlegt samstarf	10
Tölulegar upplýsingar 2019	12
Pjónustukönnun vegna 2018	28
Styrkir	29
Bjarkarhlíð sem varanlegt úrræði	29

Sagan

Undirrituð var viljayfirlýsing milli Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands þann 4. október 2016. Eru þetta þeir samstarfsaðilar sem komu að stofnun Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis. Ákveðið var að Bjarkarhlíð yrði þriggja ára tilraunaverkefni. Fyrir þann tíma var starfandi undirbúningshópur þar sem allir samstarfsaðilar áttu sinn fulltrúa. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hélt utan um verkefnið í byrjun og kom að ráðningu verkefnastjóra í nóvemberlok 2016. Bjarkarhlíð opnaði formlega 2. mars 2017 og störfuðu þá tveir starfsmenn í Bjarkarhlíð ásamt rannsóknarlöggreglukonu í fullu starfi frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu (LRH). Ráðgjafar og stuðningsaðilar frá Kvennaathvarfi, Drekaslóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands sjá um reglulega viðveru í Bjarkarhlíð. Til viðbótar hefur Barnavernd Reykjavíkur aðstöðu í Bjarkarhlíð fyrir sálfræðinga sem sinna börnum sem verða vitni að ofbeldi. Frá 1. janúar 2019 hefur Bjarkarhlíð starfað sem frjáls félagasamtök þar sem allir samstarfsaðilar voru tilbúnir til að koma að starfinu áfram.

Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök

Rekstrarform Bjarkarhlíðar er í formi frjálsra félagasamtaka. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir samstarfsaðilar tilnefni einn í stjórn og einn varamann. Félagsmálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa two aðalmenn og two varamenn í stjórn. Haldnir voru þrír stjórnarfundir á árinu 2019, auk aðalfundar. Breytingar á samþykktum félagsins voru samþykktar á aðalfundi 23. maí 2019 og þá var Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögmaður og fulltrúi Kvennaráðgjafarinnar kosin formaður stjórnar.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar er skipuð fimm aðilum sem kosnir eru á aðalfundi og tveimur til vara. Formaður framkvæmdastjórnar á starfsárinu 2019 var Svala Ísfeld Ólafsdóttir, sérfræðingur í dómsmálaráðuneytinu. Framkvæmdastjórn heldur almennt fundi hálfsmánaðarlega og voru haldnir 17 fundir á árinu 2019. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri Bjarkarhlíðar og vinnur teymissjtóri í þeirra umboði. Á meðan á tilraunatímanum stóð hélt Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar utan um rekstur og bókhald Bjarkarhlíðar eða allt þar til 1. janúar 2019.

Hugmyndafræði

„Family Justice Center“ hugmyndafræðin byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnaði í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin var vel kynnt í Bandaríkjunum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarkarhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland var áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en í Malmö í Svíþjóð hefur til dæmis verið unnið eftir þessu módeli í mörg ár. Megin inntakið í hugmyndafræðinni er að veita þjónustu fyrir fullorðna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu.

Hlutverk

Bjarkarhlíð býður upp á ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Boðið er upp á samhæfða þjónustu á einum stað þar sem hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er uppá lögfræðilega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar. Bjarkarhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að koma á staðinn, hringja, senda tölvupóst eða hafa samband í gegnum samfélagsmiðla. Frá ársbyrjun 2019 hefur verið boðið upp á netbókanir og netspjall.

Markmið

Markmið Bjarkarhlíðar er að auka öryggi þjónustuþega og stuðla að valdeflingu þeirra, veita fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar ofbeldis, taka þátt í og koma að aukinni umræðu um ofbeldi í samféluginu og senda skýr skilaboð um hver beri ábyrgð á ofbeldinu. Það er meðal annars gert með því að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi fyrir alla þolendur ofbeldis í nánum samböndum.

Samstarfsaðilar

Reykjavíkurborg leggur Bjarkarhlíð til húsið við Bústaðarveg, þar sem miðstöðin er til húsa. Félagsmálaráðuneytið hefur frá upphafi veitt árlegt fjármagn til starfsemi

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

Bjarkarhlíðar og mun gera það áfram a.m.k. til ársins 2021 skv. nágildandi samningi sem hljóðar upp á 15 m.kr fjárframlag á ári. Dómsmálaráðuneytið hefur tryggt varanlegt fjármagn sem samsvarar 20 milljónum á ári, frá og með árinu 2018. Löggreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til starfsmann í fullu starfi sem staðsettur er í Bjarkarhlíð og sinnir öllum samskiptum við lögreglu auk þess að taka þátt í daglegum verkefnum Bjarkarhlíðar. Í október 2019 bættist 50% stöðugildi lögreglu við starfsemi Bjarkarhlíðar. Frjálsu félagasamtökin Stígamót, Kvennaathvarfið og Drekaþlóð eru með ráðgjafa á sínum vegum í Bjarkarhlíð og veita ráðgjöf og stuðning á staðnum. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin veita lögfræðiráðgjöf einu sinni í viku í Bjarkarhlíð. Samstarfsaðilar eru allir með fullrúa í stjórn og stýra þannig stefnu og mótu starfsins i Bjarkarhlíð.



Mynd 1. Stjórn Bjarkarhlíðar 2019-2020.

Ferlið í Bjarkarhlíð

Bjarkarhlíð er lágþróskuldaþjónusta þar sem ekki þarf tilvísun til að koma í fyrsta viðtal. Starfsmenn Bjarkarhlíðar taka fyrsta viðtal við þjónustuþega þegar þeir koma í Bjarkarhlíð. Fyllt er út eyðublað við fyrstu komu og farið yfir trúnað og persónuverndarstefnu, þar sem bakgrunnsupplysingum um viðkomandi og eðli ofbeldisins sem hann hefur orðið fyrir er safnað í gagnagrunn með samþykki þjónustuþega. Tölfræði Bjarkarhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.



Mynd 2. Biðstofan í Bjarkarhlíð

Í framhaldinu er þjónustuþega boðinn áframhaldandi stuðningur og ráðgjöf hjá þeim aðilum sem best þykja til þess fallnir að vinna með afleiðingar þess ofbeldis sem hann hefur orðið fyrir. Áframhaldandi viðtöl og stuðningur er í boði hjá öðrum samstarfsaðilum Bjarkarhlíðar. Algengast er að Stígamót og Drekaslóð hitti viðkomandi í nokkur skipti í

Bjarkarhlíð en bjóði síðan upp á framhaldsviðtöl á starfsstöðvum sínum. Lögreglan og aðrir samstarfsaðilar bjóða upp á alla sína þjónustu í Bjarkarhlíð.

Birtingarmyndir ofbeldis

Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir, í Bjarkarhlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldið sem þjónustuþegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar til grundvallar í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru vitaskuld fleiri.

- **Líkamlegt** ofbeldi: til dæmis að hrinda, ýta, slá, halda, kýla, sparka í, brenna, drekkja, kæfa, kyrkja
- **Andlegt** ofbeldi: til dæmis stjórnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun, morðhótun
- **Kynferðislegt** ofbeldi: til dæmis að þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, vakna við nauðgun/"kynlíf"
- **Mansal:** til dæmis þvingað vændi, nauðungarvinna eða þrældómur.
- **Fjárhagslegt** ofbeldi: til dæmis að skemma dýra muni, skerða aðgang að fjármunum
- **Stafrænt** ofbeldi: misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla, persónustuldur
- ...þar af **stafrænt kynferðisofbeldi:** til dæmis myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum
- **Eltihrellir** (e. stalking): til dæmis að elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gagn vilja hennar
- **Beint og/eða óbeint ofbeldi gegn börnum:** einhvers konar líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt eða að barn verður vitni að ofbeldi á heimilinu
- **Vanræksla:** til dæmis aðstoð haldið viljandi frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.
- **Ofbeldi sem felur í sér mismunun:** til dæmis ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Pjónustuþegar Bjarkahlíðar eiga það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi í nánum samböndum og vilja vinna með afleiðingarnar. Ofbeldi í nánum samböndum er samfélagslegt, heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra stofnanna og félagasamtaka getur stuðlað að heildarsýn varðandi afleiðingar og úrræði.

Fraðsla

Fagfólk úr ýmsum starfsstéttum hefur sýnt starfsemi Bjarkarhlíðar áhuga og hafa verið tíðar heimsóknir frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum, ásamt því að starfsfólk Bjarkarhlíðar hefur kynnt starfsemina. Löggreglan á Norðurlandi eystra fékk kynningu í aðdraganda opnunar Bjarmahlíðar, hliðstæðrar miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi. Auk þess sem teymisstjóri Bjarmahlíðar kom í þjálfun hjá starfsfólki Bjarkarhlíðar. Nemaheimsóknir voru frá Fjölbautarskólanum við Ármúla, Borgarholtskóla og Jafnréttisskóla þekkingarmiðstöðvar í þróunnarsamvinnu. Einnig komu laganemar frá Háskólanum í Reykjavík á vegum Svölu Ísfeld Ólafsdóttur og kynntu sér starfsemina. Starfsfólk Neyðarmóttöku Landspítala Háskólasjúkrahúss og félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ komu í heimsókn auk starfsfólks tilraunaverkefnisins Brúin í Hafnarfirði. Félagsþjónustan í Breiðholti kom með tvo hópa í kynningu, „Karlakraft“ og „Heilsuorku“. Teymisstjóri kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir Sálfræðingafélagi Íslands, starfsfólki Vogs og Draumasetursins, sem er áfangaheimili fyrir fólk í bata vegna fíknivanda.

Heimsóknir í Bjarkarhlíð

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra heimsótti Bjarkarhlíð og kynnti sér starfsemina. Löggreglustjórar á Norðurlöndum fengu fræðslu um starfsemina auk löggreglukonu frá Berlín. Barnaverndarstarfsmenn frá Litháen komu í heimsókn auk starfsfólk umboðsmanns barna. Þingforseti Malaví, ásamt þingkonum, kom í heimsókn ásamt fulltrúa frá utanríkisráðuneytinu í tengslum við leiðtogaþing kvenna á Íslandi.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg Ársskýrsla 2019

Eitt fræðsluerindi var haldið á árinu 2019 í formi opins húss í Bjarkarhlíð en Sirrý Arnardóttir rithöfundur kynnti bók sína „Þegar kona brotnar – og leiðin út í lífið á ný“.

Starfsfólk Bjarkarhlíðar og samstarfsaðilar fengu fræðslu frá Samtökunum '78, Trans Ísland og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um ofbeldi og hinseginleikann.

Samstarfsverkefni

Samstarfsverkefni Bjarkarhlíðar frá árinu 2017 hélt áfram 2018 og 2019 en það var verkefni þriggja pólskra kvenna sem fengu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands árið 2017, sem fölst í því að standa fyrir „opnu húsi“ í Bjarkarhlíð. Tilgangur verkefnisins var að ná til pólskra kvenna búsettra á höfuðborgarsvæðinu og kynna fyrir þeim úrræði sem geta komið þeim til hjálpar ef þær sæta ofbeldi. Verkefnið fór hægt af stað og var opið hús frá 17 til 19 alla þriðjudaga þar sem pólskar konur hittust og mynduðu tengslanet ásamt því að fá fræðslu og stuðning í tengslum við afleiðingar ofbeldis.

Annað samstarfsverkefni var námskeið um „umhyggjurík samskipti“ eða *Non violent communication*. Verkefnið „umhyggjurík samskipti“ fékk styrk úr Lýðheilsusjóði 2019 og var haldið í Bjarkarhlíð þjónustuþegum að kostnaðarlausu.

Frá upphafi hefur Bjarkarhlíð átt í samstarfi við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands varðandi starfsnema. Vorið 2019 var einn starfsnemi á lokaári og tveir nemar voru í 6 vikur á haustönn 2019. Starfsnemar eru mikilvæg viðbót við starfslið Bjarkarhlíðar og hafa þeir komið að skipulagsmálum og framkvæmt þjónustukönnun fyrir 2018.

Samstarf við Mjölni - Bardagaíþróttir um námskeiðið „Sjálfsvörn fyrir konur“, hefur verið frá ársbyrjun 2018 og hélt áfram 2019. Starfsmaður Bjarkarhlíðar kemur inn á námskeiðið með fræðslu ásamt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Bjarkarhlíð var í nánu samstarfi og aðstoðaði við undirbúning opnunar þolendamiðstöðvar á Norðurlandi. Hún opnaði í maí 2019 undir nafninu Bjarmahlíð.

Samtökin Rótin, félag um málefni kvenna með fíknivanda og áföll, voru í samstarfi við Bjarkarhlíð á árinu 2019 og fengu aðstöðu í húsnæði Bjarkarhlíðar fyrir hópastarf sem fram hefur farið á miðvikudögum frá 17 til 20 þar sem opið hús er á milli 19 og 20. Þjónustuþegar Bjarkarhlíðar hafa þannig haft greiðan aðgang að hópastarfinu og þeirri ráðgjöf sem býðst á vegum Rótarinnar.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg Ársskýrsla 2019

Samstarf var við leikhópin Ra Ta Tam, sem setti á svið leiksýninguna Suss, sem fjallar um þolendur heimilsof beldis. Frítt var á sýningarnar og auglýsti Bjarkarhlíð þær fyrir sína þjónustuþega, auk þess sem teymisstjóri mætti á nokkrar sýningar og tók þátt í pallborðsumræðum og hlaðvarpi sem gert var í tengslum við sýningarnar.

Ráðgjafi frá Kvennaathvarfinu og teymisstjóri Bjarkarhlíðar voru með sjálfstyrkingahóp fyrir konur sem sætt höfðu heimilisof beldi. Þetta var tilraunahópur og var fjöldi kvenna sem tók þátt átta. Hittist hópurinn í 10 skipti og var mikil ánægja með hvernig til tókst að sögn þátttakenda.

Umbótaverkefni

Þátttöku Bjarkarhlíðar var óskað í vinnuhópa á vegum félagsmálaráðuneytis um bætt úrræði fyrir gerendur í ofbeldismálum og tók teymisstjóri það að sér. Lokaskýrslu var skilað í febrúar 2020.¹

Samráðshópur um mansal hefur verið starfandi á vegum dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis og hefur teymisstjóri verið fulltrúi Bjarkarhlíðar. Hlutverk hans er m.a. að vinna að úrbótum í málefnum þolenda mansals á Íslandi og undirbúningi að opnun samhæfingarmiðstöðvar fyrir þolendur mansals.

Alþjóðlegt samstarf

Bjarkarhlíð er aðili að samtökunum *European Family Justice Center (EFJC)*. Samtökin hafa sýnt Bjarkarhlíð áhuga og stuðning frá upphafi. Árið 2019 var ársfundur samtakanna haldinn í Antwerpen og sóttu teymisstjóri Bjarkarhlíðar og formaður stjórnar fundinn ásamt fulltrúum Bjarmahlíðar á Akureyri.

Teymisstjóri Bjarkarhlíðar fór í námsferð til Kaupmannahafnar dagana 17. til 19. júní 2019 ásamt formanni framkvæmdastjórnar. Heimsóttu þær samtökin „Reden International“ sem starfrækja skaðaminnkandi úrræði fyrir þolendur mansals í Kaupmannahöfn. Skoðað var athvarf fyrir þolendur mansals á vegum Reden og fundað með starfsfólk i næturkaffis og

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Till%C3%B6gurnar%20um%20%C3%BAArr%C3%A6%C3%Boi%20fyrir%20gerendur.pdf>

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

miðstöðvar sem rekin er í miðborg Kaupmannahafnar sem býður upp á ráðgjöf, stuðning og heilbrigðisþjónustu fyrir þolendur mansals. Hluti af námsferðinni var heimsókn í höfuðstöðvar Center Mod Menneskehandel CMM, sem er samhæfingamiðstöð fyrir þolendur mansals. Mikill áhugi var hjá CMM og Reden á samstarfi við Ísland.

Teymisstjóri var með kynningu á starfi Bjarkarhlíðar í Færeymum í tilefni af alþjóðadegi kvenna 24. nóvember 2019 í boði félagsmálaráðuneytis Færeys. Fundurinn var vel sóttur og komu þar saman fulltrúar kvennasamtaka og kvennaathvarfs auk ráðamanna.



Mynd 3. Teymisstjóri ásamt skipuleggjendum Alþjóðadags kvenna í Færeymum.

Tölulegar upplýsingar 2019

Grunnupplýsingar

Upplýsingar í ársskýrslu Bjarkarhlíðar eru fengnar úr spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustuþegar svara þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar spyrja spurninganna og fylla inn í komuskýrsluna, en samskonar spurningarlisti er lagður fyrir alla þjónustuþega.

Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar úr helstu þáttum í komuskýrslu og í ákveðnum tilvikum skoðuð breyting milli ára. Athugið að í einhverjum tilfellum svöruðu ekki allir þjónustuþegar öllum spurningum í komuskýrslu og í þeim tilfellum eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum fyrir þá spurningu.

Nánari upplýsingar frá fyrri árum má nálgast í ársskýrslum á heimasíðu Bjarkarhlíðar www.bjarkarhlid.is

Á árinu 2019 leituðu alls 565 einstaklingar til Bjarkarhlíðar í fyrsta viðtal. Fjöldi einstaklinga í fyrsta viðtal árið 2018 var 479 einstaklingar. Aukning milli áranna 2018 og 2019 er 17,9%. Flestir þjónustuþegar höfðu fengið þjónustu annars staðar áður en þeir komu í Bjarkarhlíð, flestir hjá lögregunni eða 33%. Alls höfðu 22 einstaklingar af 565, sem komu í fyrsta viðtal á árinu 2019, komið áður í Bjarkarhlíð. Sjá nánar í töflu 1.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg Ársskýrsla 2019


Tafla 1. Dreifing svara þjónustuþega vegna þjónustu sem þeir höfðu fengið áður en þeir komu í Bjarkarhlíð á árinu 2019. Athugið að fjöldi svara ($N=984$) er hærri en fjöldi þjónustuþega ($N=565$), en það skýrist af því að einhverjir þjónustuþegar höfðu fengið aðstoð á fleiri stöðum en einum. Hlutfallsleg dreifing eins og sýnd er hér í prósentum miðast þó við fjölda einstaklinga ($N=565$) og er samanlagt hlutfall því hærra en 100%.

ÞJÓNUSTA ÁÐUR	FJÖLDI	%
LÖGREGLA	187	33%
GEÐDEILD	73	13%
KVENNAATHVARF	71	13%
STÍGAMÓT	68	12%
BARNAVERND	56	10%
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	55	10%
HEILSUGÆSLA/SPÍTALI	44	8%
BRÁÐAMÓTTAKA LSH	41	7%
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ (V/SKIMUN)	36	6%
BJARKARHLÍÐ	22	4%
DREKASLÓÐ	9	2%
ANNAÐ	244	43%
EKKERT AF OFANTÖLDU	78	14%
	984	175%

1. Komufjöldi eftir mánuðum

Að meðaltali komu 47 einstaklingar í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð í hverjum mánuði árið 2019. Flestir komu í fyrsta viðtal í mars eða 10,4% en fæstir komu í fyrsta viðtal í desember eða 5,5%. Sjá nánar dreifingu fyrstu viðtala á mynd 1.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019



Mynd 4. Dreifing fyrstu viðtala eftir mánuðum.

2. Upplýsingar um úrræðið

Flestir heyrðu af Bjarkarhlíð í gegnum vin eða kunningja eða 157 einstaklingar (28%), en 95 sögðust hafa heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum heilbrigðisstarfsfólk (17%). Einungis 3% þjónustuþega heyrðu af úrræðinu í gegnum barnavernd. Sjá nánar í töflu 2.

Tafla 2. Dreifing svara þjónustuþega við spurningunni „Hvernig heyrðir þú fyrst af Bjarkarhlíð?“

HEYRDI AF ÚRRÆÐINU	FJÖLDI	%
VINUR/KUNNINGI/FJÖLSKYLDA	157	28%
HEILBRIGÐISSTARFSMAÐUR	95	17%
VELFERÐARSVIÐ	62	11%
LÖGREGLA	56	10%
OPINBER UMFJÖLLUN	55	10%
SAMSTARFSAÐILI BJARKARHLÍÐAR	50	9%
FANN SJÁLF/UR UPPLÝSINGAR	30	5%
BARNAVERND	19	3%
VINNUFÉLAGI	3	1%
ANNAD	38	6%
	565	100%

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

Áhugavert er að skoða hvernig þjónustuþegar fengu upplýsingar um Bjarkarhlíð, en mikilvægt er að hafa slíkar upplýsingar tiltækar til að kanna hvar virðist mikið vísað á Bjarkarhlíð og hvað mætti mögulega gera betur.

3. Hafði samband

Upplýsingar um hvernig þjónustuþegi hafði samband við Bjarkarhlíð eru sömuleiðis mikilvægar til að fylgjast með því hvaða leiðir þjónustuþegar vilja helst nota til að hafa samband við Bjarkarhlíð. Sjá í töflu 3.

Tafla 3. Með hvaða hætti þjónustuþegi hafði samband við Bjarkarhlíð til að fá tíma í fyrsta viðtal.


SAMBAND FYRST	FJÖLDI	%
SÍMLEIÐIS	468	83%
TÖLVUPÓSTUR	67	12%
KOM Á STADINN	16	3%
FACEBOOK	14	2%
	565	100%

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

Nánar um þjónustuþegana

4. Aldur

Aldur þjónustuþega í Bjarkarhlíð árið 2019 var svipað dreifður og árið á undan. Flestir voru í aldurshópnum 18-29 ára (34%) og 30-39 ára (30%). Árið 2018 var einnig 64% þjónustuþega á aldursbílinu 18-39 ára. Sjá mynd 2.



Mynd 5. Aldursdreifing þjónustuþega í Bjarkarhlíð árið 2019 eftir fjölda. Svipuð dreifing og árið á undan. Flestir tilheyra aldurshópnum 18-29 ára.

5. Kyn

Meiri hluti þjónustuþega eða 82% var konur en 18% karlar. Tveir einstaklingar skilgreindu kyn sitt á annan hátt. Sjá töflu 4.

Tafla 4. Skipting þjónustuþega eftir kyni; kona, karl, skilgreint á annan hátt, á árinu 2019.

KYN	FJÖLDI	%
KONA	464	82%
KARL	99	18%
SKILGREINT Á ANNAN HÁTT	2	0%
	565	100%

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

6. Pjóðerni

Þegar skoðað er þjóðerni þjónustuþega er lítil breyting milli áranna 2018 og 2019. Þjónustuþegum með íslenskt þjóðerni fjölgaði um 2% og erlendum þjónustuþegum fækkaði að sama skapi um 2% milli ára. Sjá nánar í töflu 5.

Tafla 5. *Þjóðerni þjónustuþega sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2019; íslenskt, erlent (innan Evrópu), erlent (utan Evrópu).*

PJÓÐERNI	FJÖLDI	%
ÍSLENSKT	501	89%
ERLENT (INNAN EVRÓPU)	34	6%
ERLENT (UTAN EVRÓPU)	30	5%
	565	100%

7. Búseta

Alls svöruðu 554 einstaklingar spurningu um búsetu þegar þeir komu í fyrsta viðtal á árinu 2019. Flestir komu af höfuðborgarsvæðinu. Alls 319 (58%) bjuggu í Reykjavík og 157 (28%) komu af höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Alls 77 (14%) komu af landsbyggðinni. Einn þjónustuþegi var búsettur erlendis. Sjá töflu 6.

Tafla 6. *Búseta þjónustuþega.*

BÚSETA	FJÖLDI	%
REYKJAVÍK	319	58%
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ UTAN REYKJAVÍKUR	157	28%
LANDSBYGGÐIN	77	14%
ERLENDIS	1	0%
	554	100%

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

8. Hjúskapastaða

Fleiri þjónustuþegar voru einhleypir, að skilja, fráskildir eða ekklar/ekkjur (62%) heldur en þeir sem voru í sambandi eða giftir (37%). Sjá töflu 7.

Tafla 7. Hjúskapastaða þjónustuþega sem leituðu í Bjarkarhlíð á árinu 2019. Svör 11 einstaklinga vantar og er nefnarinn því N=554 í útreikningum.

HJÚSKAPASTAÐA	FÖLDI	%
EINHLEYP/UR	248	45%
Í SAMBÚÐ/SAMBANDI	120	21%
GIFT/UR	88	16%
ER AÐ SKILJA/SLÍTA SAMBÚÐ	44	8%
FRÁSKILIN/N	43	8%
EKKJA/EKKILL	4	1%
ANNAD	7	1%
	554	100%

9. Atvinnustaða

Alls voru 43% þjónustuþega í fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja var 18% og atvinnulausir voru alls 111 (20%). Sjá töflu 8.

Tafla 8. Atvinnustaða þjónustuþega þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð á árinu 2019. Samanlagður fjöldi svara þjónustuþega (N=603) er hærrri en fjöldi einstaklinganna (N=565) þar sem einhverjir einstaklingar merktu við fleiri möguleika en einn við spurningu um atvinnustöðu. Nefnarinn er =565 í útreikningum vegna töflunnar.

ATVINNUSTAÐA	FJÖLDI	%
Í FULLU STARFI	189	33%
Í HLUTASTARFI	59	10%
ATVINNULAUS	111	20%
ÖRYRKI	101	18%
NEMI	73	13%
ELLILÍFEYRISPEGI	14	2%
FÆÐINGARORLOF	13	2%
HEIMAVINNANDI	1	0%
ANNAD	42	7%
	603	105%

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

10. Menntunarstig

Flestir þjónustuþegar höfðu lokið framhaldsskóla eða háskóla eða samtals 59%. Alls höfðu 30% einungis lokið grunnskóla. Sjá nánar í töflu 9.

Tafla 9. Menntunarstig þjónustuþega sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2019.

MENNTUNARSTIG	FJÖLDI	%
GRUNNSKÓLI	162	30%
FRAMHALDSSKÓLI	153	29%
HÁSKÓLI	162	30%
ANNAÐ	59	11%
	536	100%

11. Fötlun eða sjúkdómar

Til að henda reiður á fjölda þeirra einstaklinga sem búa við fötlun eða sjúkdóm eru þjónustuþegar spurðir um þau atriði. Alls sögðust 32% búa við andlegan sjúkdóm og 15% við líkamlegan sjúkdóm. Sjá nánar í töflu 10.

Tafla 10. Fötlun og/eða sjúkdómar sem þjónustuþegar Bjarkarhlíðar 2019 glíma við. Þó að samanlagður fjöldi fatlana og sjúkdóma sé 485 verður hér notast við fjölda einstaklinga (N=565) til að finna út hlutfall þjónustuþega með fatlanir/sjúkdóm. Þar af leiðandi er samanlagt hlutfall lægra en 100%.

FÖTLUN/SJÚKDÓMUR	FJÖLDI	%
ANDLEGUR SJÚKDÓMUR	183	32%
LÍKAMLEGUR SJÚKDÓMUR	83	15%
PROSKASKERÐING	7	1%
BLINDA/SJÓNSKERÐING	4	1%
HREYFIHÖMLUN	3	1%
HEYRNARLEYSI/SKERÐING	2	0%
ANNAÐ	203	36%
	485	86%

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

12. Fyrri áföll

Af þjónustuþegunum sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2019 sögðust 79% eiga sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi. Sú tala er svipuð og árin á undan. Árið 2018 var hlutfallið 82% og árið 2017 var hlutfallið 79%. Sjá töflu 11.

Tafla 11. Saga um fyrri áföll tengd ofbeldi.

ÁR	FJÖLDI	%
2017	249	79%
2018	394	82%
2019	444	79%

Ofbeldisverk og gerendur

Ofbeldi getur verið margþætt og þar af leiðandi oft erfitt fyrir einstaklinga að flokka hverjar eru aðalástæður og hverjar eru aðrar ástæður fyrir því að leitað er eftir aðstoð. Engu að síður getur verið mikilvægt fyrir þolendur að velta slíku fyrir sér til að átta sig á þeim ólíku afleiðingum sem einstaka birtingarmyndir ofbeldis geta haft. Þjónustuþegar eru spurðir af hverju þeir séu komnir í Bjarkarhlíð og nefna margar ástæður.

13. Aðalástæða komu

Hér hafa verið tekin saman svör þjónustuþega við spurningunni um aðalástæðuna fyrir því að þeir leituðu til Bjarkarhlíðar. Flestir nefna heimilisofbeldi eða 56%. Alls nefndu 18% andlegt ofbeldi og sömuleiðis 18% kynferðislegt ofbeldi sem aðalástæðu. Sjá töflu 12.

Tafla 12. Aðalástæða komu. Af 565 einstaklingum svöruðu 518 spurningunni eða 92% þjónustuþeganna sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2019. Nefnarinn hér er því 518 en ekki 565 eins og heildarfjöldi einstaklinga sem kom í fyrsta viðtal.

AÐALÁSTÆÐA KOMU	FJÖLDI	%
HEIMILISOFBELDI	292	56%
ANDLEGT OFBELDI	90	18%
KYNFERÐISLEGT OFBELDI	90	18%
LÍKAMLEGT OFBELDI	18	3%
FJÁRHAGSLEGT OFBELDI	2	0%
ANNAD	26	5%
	518	100%

14. Tengsl við geranda

Þegar skoðað er hvernig mál koma í Bjarkarhlíð má hafa töflu 12 hér fyrir framan til hliðsjónar. Þar má sjá að 56% þjónustuþega flokka ofbeldið, sem þeir hafa sætt, sem „heimilisofbeldi“. Þegar spurt er um tengsl við gerenda segja 84% þjónustuþega að hann sé *barn, ættingi, núverandi maki eða fyrrverandi maki*. Ef heimilisofbeldi er skilgreint eftir tengslum við geranda myndi hlutfall heimilisofbeldismála hækka í 84%. Ef við skoðum aftur á móti einungis hlutfall þeirra sem tilgreina *núverandi eða fyrrverandi maka er hlutfallið* 68%.

Ef til vill má skýra þennan mun með því að fólk líti almennt ekki á það sem „heimilisofbeldi“ ef til dæmis barn ræðst á foreldri, ef par hefur slitið samvistum þegar

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

ofbeldi á sér stað, eða ef ofbeldið á sér stað annars staðar en inni á heimilinu. Sjá nánar í töflu 13.

Tafla 13. Tengsl þjónustuþega við geranda. Flestir sem leita til Bjarkarhlíðar koma vegna ofbeldis af hálfu fyrrverandi maka (51%), núverandi maka (17%) eða ættingja (14%). Athugið að svör 13 einstaklinga vantar í komuskýrslurnar og því er nefnarinn hér 552 en ekki 565.


TENGSL VIÐ GERANDA	FJÖLDI MÁLA	%
FYRRVERANDI MAKI	281	51%
NÚVERANDI MAKI	94	17%
ÆTTINGI	78	14%
VINUR/KUNNINGI	36	7%
BARN	8	1%
FJÖLSKYLDUVINUR	8	1%
FAGAÐILI	5	1%
SAMSTARFSMAÐUR	4	1%
YFIRMAÐUR	1	0%
ANNAR AÐILI	16	3%
ÓKUNNUR	21	4%
	552	100%

15. Kyn, aldur og þjóðerni geranda

Upplýsingar um kyn gerenda lágu fyrir í 507 málum. Karlar voru gerendur í 86% málanna og konur í 14% mála.

Flestir gerendur voru á aldursbílinu 30-39 ára (32%) en upplýsingar um aldur gerenda lágu fyrir í 525 málum. Sjá mynd 3.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019



Mynd 6. Aldursdreifing gerenda eftir fjölda.

Upplýsingar um þjóðerni gerenda lágu til grundvallar útreikninga í 546 málum. Flestir gerendur voru íslenskir eða 80,4% en 10,3% voru með erlent þjóðerni innan Evrópu og 9,3% með erlent þjóðerni utan Evrópu. Svipaða sögu er að sjá fyrri ár. Sjá töflu 14.

Tafla 14. Þjóðerni gerenda.

ÁR	ÞJÓÐERNI	FJÖLDI	%
2017	ÍSLENSKT	239	84%
	ERLENT (INNAN EVRÓPU)	21	7%
	ERLENT (UTAN EVRÓPU)	24	8%
		284	
2018	ÍSLENSKT	397	85%
	ERLENT (INNAN EVRÓPU)	40	9%
	ERLENT (UTAN EVRÓPU)	28	6%
		465	
2019	ÍSLENSKT	439	80%
	ERLENT (INNAN EVRÓPU)	56	10%
	ERLENT (UTAN EVRÓPU)	51	9%
		546	

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

16. Vettvangur ofbeldisins

Alls svöruðu 539 þjónustuþegar (95%) af 565 spurningunni um vettvang ofbeldisins. Algengast var að það ætti sér stað inni á heimilinu eða í 83% málanna, Sjá nánar töflu 15.

Tafla 15. Vettvangur ofbeldisins. Hér er notast við töluna 539 til að kanna dreifingu svara einstaklinganna sem tóku afstöðu til spurningarinnar.

SVAR	FJÖLDI MÁLA	%
HEIMILI POLANDA	378	70%
HEIMILI GERANDA	67	13%
Í BÍL	11	2%
Á VÍÐAVANGI	10	2%
VINNUSTAÐUR	8	1%
Á SKEMMTISTAÐ	7	1%
Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR	2	0%
ANNAÐ	56	11%
	539	100%

17. Vopn og eyðilegging muna

Af 565 þjónustuþegum svöruðu 540 (96%) spurningunni um vopnanotkun í tengslum við síðasta ofbeldisatvik. Alls 17% svarenda sögðu að vopni hefði verið beitt í tengslum við síðasta ofbeldisatvik.

Alls svöruðu 526 einstaklingar (93%) af 565 spuringu um eyðileggingu muna í tengslum við síðasta ofbeldisatvik. Alls 35% sögðu „já“ við spurningunni en 65%, „nei“. Munir voru eyðilagðir í rúmum þriðjungi tilvika. Sjá töflu 16.

Tafla 16. Vopnanotkun og eyðilegging muna í tengslum við síðasta ofbeldisverk

	JÁ	NEI
VOPNANOTKUN	94 (17%)	446 (83%)
EYÐILEGGING MUNA	186 (35%)	340 (65%)

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

18. Afleiðingar ofbeldisins

Afleiðingar ofbeldis geta verið margskonar. Þjónustuþegar eru spurðir um þær afleiðingar sem þeir hafa upplifað. Eins og sjá má í töflu 17 glíma flestir við andlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins, óháð tegund ofbeldis, en einnig nefna margir líkamlegar afleiðingar.

Tafla 17. Afleiðingar ofbeldisins. Skipt eftir tegund ofbeldis; andlegt ofbeldi, heimilisofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, annað. Athugið að hver einstaklingur getur greint frá fleiri en innri tegund afleiðinga, þess vegna er heildarfjöldi afleiðinga í t.d. dálknum um andlegt ofbeldi (N=127) hærri en heildarfjöldi einstaklinga (N=90) sem greindir frá andlegu ofbeldi sem aðal komuástæðu í Bjarkarhlíð.

AFLEIÐINGAR	ANDLEGT OFBELDI	HEIMILIS-OFBELDI	KYNFERÐISLEG T OFBELDI	LÍKAMLEGT OFBELDI	ANNAÐ
ANDLEGAR	79 (62%)	267 (60%)	85 (67%)	17 (57%)	26 (76%)
FJÁRHAGSLEGA R	13 (10%)	41 (9%)	5 (4%)	3 (10%)	2 (6%)
LÍKAMLEGAR	16 (13%)	51 (11%)	19 (15%)	6 (20%)	2 (6%)
ANNAÐ	19 (15%)	89 (20%)	18 (14%)	4 (13%)	4 (12%)
	127	448	127	30	34

19. Sjálfsvígshugsanir

Af 565 einstaklingum sögðust 290 (51%) hafa haft sjálfsvígshugsanir í tengslum við ofbeldið. Árið 2018 var hlutfallið svipað eða 51% og árið 2017 var hlutfallið 53%. Sjá töflu 18.

Tafla 18. Fjöldi þjónustuþega sem glímir við sjálfsvígshugsanir í tengslum við ofbeldið.

ÁR	FJÖLDI ÞJÓNUSTUPEGA	SJÁLFSVÍGS-HUGSANIR	%
2017	316	169	53%
2018	479	247	51%
2019	565	290	51%

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

20. Börn á heimili og afskipti barnaverndar

Af þjónustuþegunum 565 sögðu 288 (51%) að börn væru á heimili þolanda og er það hlutfall svipað og síðustu ár. Það var 55% árið 2018 og 48% árið 2017. Sjá töflu 19.

Tafla 19. Fjöldi þjónustuþega með barn eða börn á heimili.

ÁR	FJÖLDI ÞJÓNUSTUÞEGA	BARN/BÖRN Á HEIMILI	%
2017	316	153	48%
2018	479	264	55%
2019	565	288	51%

Af þjónustuþegum sem komu í Bjarkarhlíð árið 2019 sögðu 167 (36%) að komið hefði til afskipta barnaverndar af heimilinu.

21. Kærur og afdrif mála í kerfinu

Af þjónustuþegunum 565 sögðust 138 (24%) hafa kært gerandann. Það hlutfall er heldur lægra en árin á undan. Hlutfallið var 29% árið 2018 og á fyrstu tíu mánuðunum sem Bjarkarhlíð var opin á árinu 2017 var hlutfallið 35%. Af málunum 138 sem voru kærð fengust upplýsingar um afdrif málanna hjá 94 einstaklingum. Af þessum 94 svörum voru flest málanna enn í vinnslu eða 59 mál (63%) en 19 einstaklingar (20%) sögðu að gerandinn hefði verið dæmdur. Sjá nánar í töflu 20.

Tafla 20. Afdrif mála sem hafa verið kærð.


AFDRIF MÁLS	FJÖLDI	%
MÁL ENN Í VINNSLU	59	63%
SAKFELLINGARDÓMUR	19	20%
MÁL FELLT NIÐUR/VÍSAÐ FRÁ	11	12%
SÝKNUDÓMUR	3	3%
KÆRA AFTURKÖLLUÐ	2	2%
	94	100%

Tafla 20.

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

22. Tilvísanir eftir fyrsta viðtal

Eftir fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð metur ráðgjafi stöðuna og vísar þjónustuþega í viðeigandi úrræði. Flestir þjónustuþegar fá tilvísun í fleira en eitt úrræði og þannig var 565 einstaklingum vísað í alls 858 úrræði innan Bjarkarhlíðar.



Mynd 7. Þjónustuleið innan Bjarkarhlíðar eftir fyrsta viðtal. Hér er birt hlufallsleg dreifing innan úrræða og nefnarinn því N=858.

Á mynd 4 má sjá að færri einstaklingum var vísað í Kvennaathvarfið og til lögreglunnar árið 2019 miðað við árið á undan en fleiri vísað í Drekaslóð og til Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2019 miðað við árið 2018.

Pjónustukönnun vegna 2018

Í samstarfi við Drífu Jónasdóttur, verkefnastjóra hjá Kvennaathvarfinu, var hönnuð pjónustukönnun sem starfsnemar í Bjarkarhlíð hringdu út til þjónustuþega. Könnunin gekk vel og en alls var reynt að ná í 202 (42%) einstaklinga af 479 þjónustuþegum sem komu í Bjarkarhlíð á árinu 2018. Svöruðu alls 116 þjónustuþegar könnuninni eða 57% af þeim sem úrtakið náði til. Þar sögðu 89% svarenda að þeir myndu mæla með þjónustu Bjarkarhlíðar. Alls sögðust 60% mjög ánægðir með þjónustuna, 18% voru ánægðir en 4% voru óánægðir og 7% þjónustuþega voru mjög óánægðir með þjónustu Bjarkarhlíðar. Þegar spurt var hvort þjónustuþegar hefðu áður sótt sér þjónustu varðandi ofbeldið svöruðu 60% játandi en 39% höfðu aldrei fengið aðstoð áður, 1% vildi ekki svara spurningunni. Af þeim sem höfðu fengið einhverja þjónustu áður sögðu 66% að þjónusta Bjarkarhlíðar bætti einhverju við miðað við fyrra aðstoð. Nefnt var að viðbótin fælist í viðmótinu, að sjá fleiri möguleika varðandi næstu skref, Bjarkarhlíð væri öðruvísí þjónusta og að gott væri að hafa aðgang að lögfræðingi.



Mynd 8. Nemar í félagsráðgjöf við HÍ með kynningu á Bjarkarhlíð á opnu húsi í HR í október 2019.

Styrkir

Margir hafa hugsað hlýlega til Bjarkarhlíðar á árinu 2019. Má þar nefna styrki frá Nóa Sírius, Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Íslensk Ameríkska. Styrkur barst frá Íslandsbanka upp á 110.000 kr.- í kjölfar Reykjavíkurmarafjons. Þá hefur kona í nágrenninu komið reglulega til okkar með útsamuð viskustykki, kerti og fleira fallegt sem sýnir vel þann velvilja sem við njótum í samféluginu. Landsbankinn styrkti Bjarkarhlíð um kr. 500.000.- vegna hópastarfs fyrir karlmenn sem þolendur ofbeldis. Sótt var um styrki til fimm nágrannasveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2019 og bárust jákvæð svör frá þeim öllum.

Bjarkarhlíð sem varanlegt úrræði

Heildaraukning mála milli áranna 2018 og 2019 er 17,9% og má því segja að Bjarkarhlíð hafi sýnt fram á þörf samþættrar þjónustu fyrir þolendur ofbeldis. Samstarfsaðilar frá ríkinu, Reykjavíkurborg, löggreglunni á höfuðborgarsvæðinu ásamt grásróttarsamtökunum voru allir samþykkir því á aðalfundi í apríl 2018 að tryggja skyldi áframhald Bjarkarhlíðar að tilraunatímabilinu loknu. Með fjármagni frá dómsmálaráðuneytinu og áframhaldandi fjárfram lagi frá félagsmálaráðuneytinu var starfseminni tryggður varanlegri rekstrargrundvöllur, sem gert hefur Bjarkarhlíð kleift að bæta við einu stöðugildi. Þjónustuþegar hafa nýtt sér Bjarkarhlíð og sýnt úrræðinu velvilja frá upphafi. Þverfagleg samvinna hefur sannað gildi sitt með aukinni þjónustu og öryggi fyrir þjónustuþega.

Ákveðið var að breyta starfsheiti verkefnistjóra í teymisstjóra og sérfræðings í ráðgjafa. Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi, MSW, gegnir starfi teymisstjóra og Hrafnhildur Sigmarsdóttir, BA í mannfræði starfi ráðgjafa.

Stjórn og starfsfólk Bjarkarhlíðar er þakklátt fyrir áframhaldandi stuðning stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og annarra samstarfsaðila sem sýnt hafa vilja til að vinna saman í þágu þolenda ofbeldis með áframhaldandi starfsemi í Bjarkarhlíðar.

Bjarkarhlíð er aðgengileg í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook og hafa þjónustuþegar nýtt sér það auk þess sem viðburðir og fræðsla er auglýst þar. Á heimasíðu Bjarkarhlíðar <https://www.bjarkarhlid.is> er hægt að nálgast upplýsingar um starfsemina og þá þjónustu

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Ársskýrsla 2019

sem í boði er bæði á íslensku og ensku. Þar er einnig hægt að bóka tíma í fyrsta viðtal hjá ráðgjafa.



Mynd 9. Bjarkarhlíð í vetrarbúningi